

130. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 20 febrúar, kl. 10:00

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlökkversson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

- 1. Ársreikningur Sorpstöðvar Suðurlands 2005.**
Ársreikningur 2005 lagður fram til kynningar.
- 2. Fjárhagsáætlun 2006 fyrir leiguverkefni í Heiðargerði**
Farið yfir fjárhagsáætlun og hún samþykkt.
- 3. Samstarfssamningur við sorpsamlögin á SV horninu.**
Gengið frá samstarfssamningi 19. desember 2005. Guðmundur Tryggvi Ólafsson valin í verkefnisstjórn og Einar Njálsson til vara. Framkvæmdastjóri upplýsti um framvindu mála.
- 4. Deiliskipulagsmál.**
Breyting á deiliskipulagi í Kirkjuferjuháleigu er til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun.
- 5. Landvernd, vistvernd í verki.**
Stjórnin ákveður að styrkja verkefnið um 250 þúsund.
- 6. Önnur mál**
 - a) Kjöttmjöl í landgræðslu. Erindi til Landbúnaðarstofnunar lagt fram til kynningar.
 - b) Bréf frá UST. Bréf frá 19 desember og 4 janúar lögð fram til kynningar.
 - c) Soun, neyslukönnun. Framkvæmdastjóri kynnti verkefnið.
 - d) Fernur – pappaubúðir. Framkvæmdastjóri kynnti möguleg áhrif úrvinnslugjalds.
 - e) H5N1. Rætt var um málið og framkvæmdastjóri sagði frá fundi sem Landbúnaðarstofnun hélt um málið 17. febrúar s.l. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands leggur áherslu á að viðbragðsáætlun geri ráð fyrir að hugsamlegum sótt næmum úrgangi verði fargað við brennslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:00

Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Fundargerð færð í tölvu.

Bls. 11